



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 8. júní 2021
2104042/033.03 PPM

Efni: Umsögn til bæjarráðs

Á 3042. fundi bæjarráðs var undirrituðum falið að veita umsögn um tillögu Theódóru S. Þorsteinsdóttur:

„Tillaga bæjarfulltrúa Theódóru S. Þorsteinsdóttur um að Kópavogsbær láti vinna árs- og samfélagsskýrslu og birti með stafrænum og aðgengilegum hætti á heimasíðu Kópavogsbæjar. Jafnframt að skoða kosti þess að nota GRI staðal til þess að halda utan um efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg áhrif Kópavogsbæjar við gerð samfélagsskýrslunnar“

Við undirbúning málsins kynntu undirrituð sér samfélagsskýrslur, m.a. Krónunnar (www.kronan.is) og Veritas Capital ehf. (www.veritas.is). Þá var fengin kynning frá Evu Magnúsdóttur hjá Podium, sem m.a. vann skýrsluna fyrir Krónuna. Aukinheldur voru teknar saman upplýsingar um GRI staðlana sem fylgja hjálaga en samfélagsskýrslur fyrirtækjanna má finna á heimasíðum þeirra.

Undirrituð hafa aflað tilboðs frá Podium í gerð samfélagsskýrslu fyrir Kópavogsbæ og hljóðar það tilboð upp á kr. 2,3 m.kr. Ef ákveðið yrði að ráðast í gerð skýrslunnar yrði einnig unnt að nota sumarstarfsmann úr vinnumarkaðsúrræðinu til að aðstoða við öflun gagna og frekari undirbúnings.

Það er afstaða undirritaðra að rétt væri að gera samfélagsskýrslu fyrir Kópavogsbæ, byggt á GRI stöðlunum og velja þá Core útgáfuna við gerð fyrstu skýrslunnar. Kópavogsbær yrði væntanlega fyrsta sveitarfélagið til þess að gera samfélagsskýrslu fyrir starfsemi sína.

Virðingarfyllt,

Pálmi Þór Mátsson
bæjarritari

Kristín Egilsdóttir
sviðsstjóri fjármálasviðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026